



VELKOMIN Á LEGUDEILD BUGL



Í þessu fræðsluefni eru upplýsingar fyrir börn og foreldra um starfsemi deildarinnar. Einstaklingur að 18 ára aldri er skilgreindur sem barn. Upplýsingarnar eru ekki tæmandi og því hvetjum við ykkur til að leita til starfsfólks deildarinnar ef þið hafið spurningar, ábendingar eða óskir.

Almennar upplýsingar

Deildin er ætluð börnum að 18 ára aldri sem þurfa á tímabundinni innlögnum að halda vegna geðræns vanda. Deildin er opin allt árið. Bráðainnskrift miðast við einn til þrjá daga. Lengri innskriftir og innskriftir af biðlista eru skipulagðar í samvinnu við foreldra.

Á deildinni starfa læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, iðjuþjálfar, kennarar, þroskaþjálfar, uppeldisfræðingur og ráðgjafar með fjölbætta menntun og reynslu. Við innlögnum fær sérhvert barn úthlutað teymi.

Á deildinni fer fram sérhæfð athugun á liðan, virkni, samskiptum og hegðun barns. Markmið innlagnarinnar er skilgreint í samráði við barn og foreldra. Jafnframt er áætlaður hæfilegur innlagnartími og væntanlegur útskriftardagur. Við innskrift er gerð einstaklingsmiðuð meðferðaráætlun fyrir barn sem er endurskoðuð reglulega.

Þar sem deildin er að hluta til bráðadeild eru útidyr, og sumar dyr innan deildar, hafðar læstar af öryggisástæðum. Af sömu ástæðu er við innskrift leitað í farangri allra barna sem gista á deildinni sem og eftir leyfi frá deildinni. Foreldrar og/eða barn er viðstatt þegar leitað er í farangri barnsins.

Starfsemi deildarinnar

- Deildin sér börnunum fyrir lyfseðilsskyldum lyfjum, mat á matmálistímum, handklæðum og rúmfatnaði.
- Starfsemin byggir á umhverfismeðferð, atferlismeðferð, hópmeðferð, fjölskyldumeðferð og einstaklingsmeðferð.
- Þjónusta deildarinnar fer ýmist fram á deildinni eða heima hjá fjölskyldunni.
- Ef metið er að barn þurfi að gista á deildinni er nauðsynlegt að annað foreldrið gisti með barninu nema annað sé ákveðið.
- Þótt metið sé að barn þurfi að gista á deildinni er það hluti af meðferðinni að barnið dvelji heima um helgar með fjölskyldu sinni. Stundum er gerður meðferðarsamningur milli foreldra, barns og deildar fyrir fjölskylduna til að styðjast við heima.
- Í lengri innskriftum og innskriftum af biðlista sækja börn á skólaskyldualdri annað hvort sinn heimaskóla eða stunda nám í Brúarskóla við Dalbraut sem er á lóð BUGL. Nán samvinna er við kennara skólans, m.a. með vikulegum samstarfsfundum. Kennarar skólans hafa samband við heimaskóla barnsins varðandi mat á námsstöðu. Reynt er að koma til móts við námsþarfir barna sem eru í framhaldsskóla. Nánari upplýsingar um Brúarskóla er að finna á heimasíðu skólans, www.bruarskoli.is.
- Í aðdraganda útskriftar er þörf barns og fjölskyldu fyrir frekari þjónustu eftir útskrift áætluð, svo sem á göngudeild BUGL, í nærumhverfi fjölskyldunnar eða annars staðar.

Þátttaka fjölskyldunnar

Á BUGL er lögð áhersla á að þjónustan sé sniðin að þörfum hverrar fjölskyldu. Leitast er við að samræma væntingar fjölskyldunnar og þá þjónustu sem deildin hefur upp á að bjóða. Lögð er áhersla á virka þátttöku foreldra og að fjölskyldan fái þann stuðning sem hún telur gagnlegan. Starfsfólk deildarinnar leggur sig fram við að virða það að foreldrar standa barni sínu næst, þekkja það best og bera ábyrgð á þroska þess og velferð. Góð samvinna foreldra og starfsfólks er lykilatriði sem m.a. felur í sér að foreldrar þurfa að reikna með nokkrum tíma til þátttöku í meðferðinni, bæði á deildinni og heima. Í allri meðferð er lögð áhersla á að styrkja tengsl foreldra og barna. Sumir foreldrar taka sér leyfi frá störfum meðan á meðferð barnsins stendur.

Ef upp koma vandkvæði

Það er hagur allra að vandkvæði sem upp geta komið í samskiptum eða meðferð séu rædd eins fljótt og unnt er. Ef barn eða foreldri eru á einhvern hátt ekki sátt við þjónustuna eða samskipti við starfsfólk vill starfsfólkið gjarnan ræða málin og leita leiða til úrlausnar. Eins er börnum og foreldrum velkomið að ræða við hjúkrunardeildarstjóra. Embætti landlæknis hefur eftirlit með gæðum heilbrigðisþjónustu. Börn og foreldrar geta leitað til embættisins ef þau eru ósátt með þjónustu deildarinnar. Einnig geta börn leitað til umboðsmanns barna. Foreldrum er einnig bent á að afla sér upplýsinga um ýmis lög um réttindi sín og aðra heilbrigðisþjónustu sem má t.d. finna á www.landspitali.is eða öðrum vefsíðum.

Þagnarskylda

- Allt starfsfólk og nemar eru bundin þagnarskyldu samkvæmt lögum um þagnarskyldu opinberra starfsmanna.
- Mikilvægt er að foreldrar barna sem leggjast inn á deildina gæti þagmælsku um það sem þeir kunna að verða vitni að eða heyra um á deildinni og tengist öðrum börnum og fjölskyldum þeirra.

Símanúmer

- Símanúmer deildarinnar eru 543-4310, 543-4320 og 543-4338. Foreldrum er velkomið að hringja og ræða við starfsfólk.
- Foreldrar geta alltaf hringt á deildina og rætt við barnið sitt. Hægt er að hafa samband við barnið í þráðlausan síma deildarinnar í síma 543-4357.



LANDSPÍTALI

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
LSH-1572
SEPTEMBER 2021

ÁBYRGÐARMÆÐUR:
DEILDARSTJÓRI LEGUDEILDAR BUGL

HÖNNUN:
SAMSKIPTAÐEILD